

2123. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 25. október 2012 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16.00

Mættir: Geir Þorsteinsson, Guðrún Inga Sívertsen, Lúðvík S Georgsson, Gísli Gíslason, Róbert Agnarsson, Jóhannes Ólafsson, Þórarinn Gunnarsson og Björn Friðþjófsson landshlutafulltrúi Norðurlands.

Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Gylfi Þór Orrason, Rúnar Arnarson, Ragnhildur Skúladóttir, Vignir Már Þormóðsson, Jóhann Torfason, Jakob Skúlason landshlutafulltrúi Vesturlands, Tómas Þóroddsson landshlutafulltrúi Suðurlands og Valdemar Einarsson landshlutafulltrúi Austurlands.

Þetta var gjört:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

2. Mótamál

- Íslandsmót 2012 – aðsókn. Alls mættu 136.470 áhorfendur á leikina 132 í Pepsi-deild karla á nýliðnu keppnistímabili sem gerir 1.034 áhorfendur að meðaltali á hvern leik. Þetta eru færri en mættu á leiki árið 2011 en þá voru 1.122 áhorfendur að meðaltali á leikjum Pepsi-deildar.

Flestir mættu að jafnaði á heimaleiki Íslandsmeistara FH eða 1.595 að meðaltali á leik. Næstflestir komu á KR völlinn eða 1.452 að meðaltali á hvern leik. Helmingur félaganna 12 fengu fleiri en 1.000 áhorfendur að meðaltali á leiki sína. Flestir mættu á útileiki hjá KR, 1.475 að meðaltali og næstflestir á útileiki hjá ÍA, 1.337.

Flestir áhorfendur mættu á leik ÍA og KR í 2. umferð mótsins en þann leik sáu 3.054 áhorfendur. Fæstir voru hinsvegar á leik Grindavíkur og KR í 20. umferð, 202 áhorfendur. Besta aðsóknin var á leiki í 1. umferð þegar það mættu 10.439 á leikina sex en fæstir mættu á leiki 20. umferðar, 4.099 áhorfendur.

- Aga – og úrskurðarmál.

Aga-og úrskurðarnefnd KSÍ hefur úrskurðað í máli Keflavíkur gegn Breiðabliki í 3. flokki karla B liða vegna ólöglega skipaðs liðs hjá Breiðabliki. Í úrskurðarorðum segir að úrslit í leik Breiðabliks og Keflavíkur í 3. flokki karla B liða sem fram fór þann 16 ágúst 2012 skulu standa óhögguð.

Aga-og úrskurðarnefnd KSÍ hefur úrskurðað í máli Hauka gegn Fjölni í 3. flokki kvenna vegna ólöglega skipaðs liðs hjá Fjölni. Í úrskurðarorðum kemur m.a. fram úrslit í leiksins skulu skráð 3 - 0 Haukum í vil.

Aga-og úrskurðarnefnd KSÍ hefur úrskurðað í máli Hauka gegn Stjörnunni í 4. flokki kvenna B liða vegna ólöglega skipaðs liðs hjá Stjörnunni. Í úrskurðarorðum kemur m.a. fram úrslit í leiksins skulu skráð 3 - 0 Haukum í vil.

Aga-og úrskurðarnefnd KSÍ hefur úrskurðað í máli Vals gegn Gróttu í 2. flokki karla B liða vegna ólöglega skipaðs liðs hjá Gróttu. Í úrskurðarorðum kemur m.a. fram úrslit í leiksins skulu skráð 3 - 0 Val í vil.

3. Fundargerðir nefnda

- Dómaranefnd frá 10. október
- Samninga – og félagaskiptanefnd frá 8. október
- Samninga – og félagaskiptanefnd frá 13. október
- Landsliðsnefnd U21 karla frá 9. október

- Mannvirkjanefnd frá 25. september
- Mannvirkjanefnd frá 17. október

4. Reglugerðir

- Breytingar fyrir tímabilið 2013. Geir Þorsteinsson formaður KSÍ fór yfir hugmyndir um breytingar á reglugerðum sem fyrirhugaðar eru fyrir næsta keppnistímabil.

5. Starfshópar

- Aldursflokkaskipting – skýrsla starfshóps. Gísli Gíslason fór yfir skýrslu starfshóps um aldurflokkaskiptingu en skýrslan verður kynnt aðildarfélögum á formanna – og framkvæmdastjóra fundi sem haldinn verður 10. nóvember nk.
- 5 manna bolti – fundargerðir. Björn Friðþjófsson fór yfir starf hópsins en starfshópurinn mun skila inn tillögum fyrir næsta stjórnarfund.
- Agaskýrsla dómara. Framkvæmdastjóri greindi frá starfi hópsins sem skila mun niðurstöðu fyrir næsta stjórnarfund.

6. Formanna – og framkvæmdastjórafundur

- Laugardalsvelli 10. nóvember 2012. Formanna – og framkvæmdastjórafundur verður haldinn á Laugardalsvelli 10. nóvember nk. Dagskrá fundarins verður eftirfarandi:
 - 12.00 Fundur settur – Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ
Fyrirhugaðar reglugerðarbreytingar
 - 12.30 Knattspyrnumótin – Birkir Sveinsson
 - Tímabilið 2012
 - Tímabilið 2013 – Leikdagar o.fl.
 - 13.00 Aldursflokkaskipting – skýrsla – Róbert Agnarsson
Fundir með aðildarfélögum – samantekt – Þórir Hákonarson
Önnur mál
 - 14.00 Kaffihlé
 - 14.15 Dregið í töfluröð landsdeilda Íslandsmóts 2013.

7. Fræðslumál

- FIFA námskeið um félagaskiptareglur o.fl. Framkvæmdastjóri greindi frá því að fyrirhugað er að halda námskeið um félagaskiptareglur og fleiri reglugerðir fyrstu helgina í febrúar 2013. Námskeiðið er ætlað framkvæmdastjórum og öðrum stjórnendum aðildarfélaga og verður haldið í samráði við FIFA.

8. Leyfismál

- Ný leyfisreglugerð. Lúðvík S Georgsson fór yfir helstu breytingar sem gerðar hafa verið á leyfisreglugerð en ný reglugerð liggur nú fyrir. Stjórn KSÍ samþykkti nýja leyfisreglugerð eins og hún liggur fyrir.
- Tillaga um greiðslur til aðildarfélaga vegna leyfiskerfis. Stjórn samþykkti að greiðslur til aðildarfélaga vegna leyfiskerfis yrðu hækkaðar þannig að félög í 1. deild fái kr. 750.000 og félög í Pepsi-deild kr. 1.000.000. Greiðslurnar eru ætlaðar að standa undir kostnaði sem félögin verða fyrir vegna endurskoðunar og gerð ársreikninga. Heildargreiðslur til aðildarfélaga vegna þessa nema því nú kr. 21.000.000 í stað kr. 12.000.000 áður.

9. Mannvirkjamál

- Sætafjöldi á leikvöngum – mannvirkjanefnd. Mannvirkjanefnd leggur til eftirfarandi breytingu á lágmarkssætafjölda á leikvöllum til næstu 4 ára:
 - Ólafsvík þarf 500 sæti (lágmark)
 - ÍBV 800 sæti
 - Stjarnan 1000 sætiStjórn KSÍ samþykkti tillögu Mannvirkjanefndar.

10.A landslið karla

- Málefni Arons Einars Gunnarssonar, fyrirliða. Stjórn KSÍ harmar ummæli þau sem Aron Einar Gunnarsson lét falla fyrir landsleik Albaníu og Íslands í undankeppni HM 12. október sl. Ummælin voru ósæmileg og á engan hátt í takt við það starf KSÍ að efla háttvísi sem og samskipti og skilning þjóða á milli.

Aron baðst opinberlega afsökunar og slíkt hið sama gerði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ. Formaður Knattspyrnusambands Albaníu sýndi sanna vináttu og tók þær afsakanir góðar og gildar. Hann lýsti því jafnframt yfir að engir eftirmálar yrðu af hálfu albanska knattspyrnusambandsins vegna málsins.

Leikmenn knattspyrnulandsliða Íslands lúta agavaldi þjálfara og það sama gildir í tilfalli Arons. Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari A-liðs karla, velur landslið Íslands og fyrirliða þess. Lars hefur ákveðið að veita Aroni formlega áminningu en jafnframt fái hann annað tækifæri til að sanna sig sem fyrirliði íslenska landsliðsins. Stjórn KSÍ unni þeirri ákvörðun þjálfarans að áminna leikmanninn formlega fyrir framkomu sem ekki má endurtaka sig

- Undankeppni HM 2014
Albanía – Ísland 12. október. Leiknum lauk með 2-1 sigri Íslands.
Ísland – Sviss 16. október. Leiknum lauk með 2-0 sigri Sviss.

11.A landslið kvenna

- Undankeppni EM 2013 umspil:
Úkraína – Ísland 20. október. Ísland sigraði 3-2.
Ísland – Úkraína 25. október. Leikið verður á Laugardalsvelli en búist er við að áhorfendamet verði sett á leiknum.

12. Yngri landslið

- U19 kvenna – Undankeppni EM 2013 í Danmörku 20. – 25. október. Ísland vann Slóvakíu 4-0 og Moldavíu 5-0 en tapaði gegn Danmörku 1-3. Liðið hafnaði í 2. sæti riðilsins og fer í milliriðil.
- U19 karla – Undankeppni EM 2013 í Króatíu 26. – 31. október. Liðið leikur í riðli með Króatíu, Aserbaídsjan og Georgíu.

13.UEFA

- Framlög til félagsliða vegna barna – og unglíngastarfs. . Í bréfi frá UEFA kemur fram að framlög til barna – og unglíngastarfs skuli fara til félaga í efstu deild. Framlag UEFA sem að þessu sinni er um 43 milljónir króna skiptist á milli félaga í Pepsi-deild. Stjórn KSÍ samþykkir að leggja til um 40 milljónir króna til viðbótar sem skiptist á milli aðildarfélaga í öðrum deildum en skipting á framlagi til barna – og unglíngastarfs verður þá með þeim hætti að félög úr Pepsi-deild fá kr. 3.620.000 sem er framlag UEFA, félög úr 1. deild fá kr. 1.600.000, félög í 2. deild karla fá kr. 1.100.000 hvert, önnur félög í deildarkeppni kr. 800.000 og félög utan deildarkeppni kr. 250.000. Úthlutun er háð því að félög haldi úti starfsemi í yngri flokkum og skulu félög utan deildarkeppni sækja sérstaklega um framlag. Greiðslan til félaganna skal renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglínga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks karla og kvenna. Samtals er því framlag til barna- og unglíngastarfs fyrir árið 2012 áætlað um 85 milljónir króna.